



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Atvinnuveganefnd Alþingis  
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur  
Skrifstofu Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 15. maí 2015

1505018SA AGB  
Málalýkill: 401

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um byggðaáætlun og sóknaáætlanir,  
693. mál.**

Ofangreint frumvarp barst Sambandi Íslenskra sveitarfélaga til umsagnar 13. maí sl. með tölvubréfi.


Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið hefur sambandið verið þátttakandi í verkefninu um sóknaráætlanir landshluta frá upphafi og fulltrúi þess tók þátt í undirbúningi frumvarpsins. Sambandið telur að verði frumvarpið að lögum sé stigið mikið framfaraspor í byggðamálum landsins. Lögin muni, svo framarlega sem fullnægjandi fjárveitingar fáist, stuðla að markvissari aðgerðum í byggðamálum og bættum árangri. Helstu umbæturnar, sem sambandið telur að lögin muni hafa í för með sér, eru:

- Vandaðri langtímaáætlanagerð á landsvísu og fyrir landshlutana átta. Í stað fjögurra ára byggðaáætlunar fyrir landsbyggðina verður byggt á heildstæðri byggðaáætlun fyrir allt landið til sjö ára og landshlutaáætlunum til sama tíma.
- Meiri samhæfing milli opinberra áætlana muni leiða til betri nýtingar á opinberu fé og betri árangurs.
- Skipulagðir farvegir fyrir þverfaglegt samstarf á milli ráðuneyta um byggðamál og milli ríkis og sveitarfélaga muni gera stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga skilvirkari.
- Aukið samráð og samvinna innan landshlutanna um áætlanir og aðgerðir og meira forræði heimamanna muni stuðla markvissari aðgerðum og betri árangri í innleiðingu aðgerða.

Frumvarpið er í samræmi við stefnumörkun sambandsins 2014-2018 þar sem kveðið er á um að sambandið skuli í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga beita sér fyrir eflingu sóknaráætlanaverkefnisins m.a. með auknum fjárveitingum frá ríkinu til verkefnisins, aukinni samþættingu opinberra áætlana og meira forræði heimamanna á uppbyggingu á sínum svæðum. Sambandið gerir sér vonir um að Alþingi muni ná að afgreiða málið á þessu þingi. Sóknaráætlanaverkefnið hefur sannað sig í verki og mjög mikilvægt er að festa það í sessi með lagasetningu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Karl Björnsson framkvæmdastjóri